


LITAÐU GARN MEÐ KOOL-AID

Leiðbeiningar frá Fjölmennt



ÞÚ ÞARFT:


- 1 dokku af hvítum lopa.
 - Til dæmis:
 - Plötulopa
 - Léttlopa
 - Lopa
- 1 bréf af Kool-Aid dufti
 - Kool-Aid duft fæst til dæmis í Kosti
- Stóra skál
- Vatn
- Skeið
- Handklæði
- Þvottagrind
- Gúmmíhanska



ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR:

- Hafðu allt tilbúið:
 - Handklæði ofan á þvottagrind
 - Skeiðin hjá skálinni
- Settu á þig gúmmíhanska
 - Kool-Aid getur nefnilega litað húð

SVONA GERIR ÞÚ!



SKREF 1

Settu vatn í skálina.

Hafðu nóg vatn til að bleyta allan lopann.



SKREF 2

Opnaðu Kool-Aid bréfið.

Helltu duftinu í vatnið.

Hrærðu í vatninu með skeiðinni.




SKREF 3

Settu lopann í vatnið.

Ýttu lopanum alveg ofan í vatnið.


Bíddu í 30 sekúndur.



Snúðu lopanum við.


Ýttu lopanum alveg ofan í vatnið.

Bíddu aftur í 30 sekúndur



SKREF 4


Taktu lopann upp úr vatninu.
Kreistu vatnið varlega úr lopanum.
Settu lopann á handklæðið.



SKREF 5


Nú er gott að ganga frá.
Til dæmis:

- hella vatninu í vask
- þrífa skálina og skeiðina
- finna góðan stað fyrir þvottagrindina.



SKREF 6

Leyfðu lopanum að þorna.
Lopinn er 2 daga að þorna.
Taktu handklæðið eftir 1 dag.
Settu lopann aftur á þvottagrindina.



SKREF 7

Er lopinn þurr?
Þá er gott að gera hnykil úr lopanum.
Til dæmis með garnvindu.
Svo getur þú þrjónað úr lopanum.

Notaðir þú Lopa eða Léttlopa?
Þá **þarft** þú **ekki** að gera hnykil fyrst.
Þú **getur** samt gert hnykil fyrst.

VEL GERT! ÞÚ LITAÐIR LOPA!